

**Ársskýrsla
Æskulýðsnefndar
Harðar
2014-2015**



Formáli

Formaður Æskulýðsnefndar 2014, Rúnar Þór Guðbrandsson hætti sem formaður nefndarinnar vegna anna. Bryndís Ásmundsdóttir tók við sem formaður nefndarinnar og með henni störfuðu Heidi Andersen ritari, Kristín Kristjánsdóttir gjaldkeri, Karin Mattsson, Magnea Rós Axelsdóttir og Ólafur Haraldsson fyrir hönd aðalstjórnar Harðar.



Nefndin fékk til liðs við sig yfirreiðkennarann Sonju Noack sem sá um námskeiðshald og annað utan umhald.

Kynningar viðburða og reiðnámskeiða fóru í gegnum heimasíðu félagsins og einnig í gegnum Facebook síðu Æskulýðsnefndarinnar.

Hér að neðan sjáum við viðburði vetrar og auglýsingar sem voru teknar af facebookk síðu Æskulýðsnefndar.

Uppskeruhátíð 2. okt 2014

Hægt er að segja að vel hafi tekist til. Afhendar voru viðurkenningar, bikarar og verðlaunapeningar. Allir sem tóku þátt, sóttu námskeið um veturinn fengu viðkenningu. Mjög góð mæting var á hátíðina eða upb. 80 þáttakendur. Nefndin eldaði kjúkling með öllu tilheyrandi og ís fyrir alla í lokin.

Kostnaður vegna viðburðarins var vegna matar, skemmtiatriðis, verðlauna og prentunnar. Heild ca. 220.000 kr.



Verðlaunahafar ársins 2014 ásamt formanni Harðar, Jónu Dís Bragadóttur.

Kynningarfundur vetrarins var haldin 10. des. 2014

Kæru félagar, við hjá Æskulýðsnefndinni ætlum að hafa kynningarfund með reiðkennurum í Harðarbóli miðvikudaginn 10. des kl: 18:30-19:30 og kynna fyrir ykkur reiðnámskeið vetrarins, margt spennandi framundan í boði hjá félaginu.

„Við bjóðum uppá kakó og smákökur,,

Það var ágætis mæting ca. 20 manns. Kostnaður ca. 2.000 kr.



Óvissuferð og spilakvöld

Fyrsti viðburður á nýju tímabili var að fara í óvissuferð upp í Dalland til Halldórs og fjölskyldu. Við skoðuðum hesthúsið hjá honum og fengu krakkarnir þar smá fræðslu um hin ýmsu mál varðandi hestamennsku.

Þá var farið í nokkra leiki og spjallað saman um stund. Í lokin afhendum við þeim í Dallandi konfektkassa fyrir að hafa tekið á móti okkur. Síðan var haldið niður í Harðarból og þar voru borðaðar pizzur og ís, síðan spilað og leikið. Mjög góð mæting ca. 40 manns.

Kostnaður viðburðar var vegna konfekts og pizza. Konfekt 2.500 kr. og pizzur 18.000 kr.



Hér á myndinni fyrir ofan er Halldór að segja okkur frá hestum og sýna okkur aðstöðuna.

Þrif og pizzapartý

Til að gera okkur klár fyrir veturinn, þá ætlum við að hittast í reiðhöllinni föstudaginn 9. janúar og þrifa reiðtygin. Á staðnum verður sápa og olía, en gott ef þið komið með tuskur og fötu. Helga Skowronski söðlasmiður mætir og leiðbeinir okkur.

HITTUMST ÖLL Í FJÖRINU Á NÝJU ÁRI



Kvöldið var vel heppnað, góð mæting og mikill stemming hjá öllum.

Kostnaður var vegna goss og pizza, Rúnar Hrimnir Hnakkar, gaf okkur olíu til þrifa. Við þökkum fyrir okkur Helga söðlasmiður og Hrimnir hnakkar.

Grímuleikar og Grímutölt

Var haldið á vegum mótanefndar

Þann 1. febrúar fara fram Grímuleikar og Grímutölt í reiðhöllinni, töltið verður eins og vanalega hægt og yfirferð. Nýjungin er Grímuleikarnir þar sem keppt verður í barna, unglinga, ungmennaflokk.

Sýningin má vera 3 mínútur og munu dómar byggja á frumleika, skemmtanagildi, búningum, styrkleika æfinga og heildarsýningu.

Krakkarnir í Hestaklúbbnum tóku þátt sem og fullt af öðrum krökkum sem voru með nokkur vel æfð atriði.



Hestaklúbburinn 2015

Ferð í Fákasel

með Æskulýðsnefnd Harðar

Föstudaginn 13. feb. (omg það er Friday the 13th) ætlum við að skella okkur í magnaða skemmtiferð. Stefnan er tekin austur fyrir fjall (auðvitað hvert annað) í Fákasel, hestaleikhús.

Farið verður frá reiðhöll Harðar stundvíslega kl. 16:30 og er áætluð heimkoma um kl. 20:15

Verðið er 2000 kr. fyrir börn, unglinga og ungmenni en 3500 kr. fyrir fullorðna.

Innifalið er, far fram og til baka, skoða hesthúsið með Guðmari, hamborgara hlaðborð og auðvitað miði á sýninguna.

Til að skrá sig í ferðina þarf að senda tölvupóst á bryndisar@gmail.com en skráningu líkur miðvikudaginn 11. feb. Muna að setja þarf nafn þeirra sem mæta og greiða við brottför.

Vonumst til að sjá sem flesta, með kveðju Æskulýðsnefnd Harðar.

Vel heppnuð ferð þar sem um 50 manns mættu.

Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn 2015

Bryndís formaður Æskulýðsnefndar og Karen Mattson sáu um að taka þátt í þessum undirbúningi. Mættum í 8 skipti í ca. 1-1 ½ klukkutíma upp í Fák. Við einnig tókum þátt í að safna styrkjum og fleiru. Fengum Jónu Dís Bragadóttur til að vera þul á sýningunni.

Æskan og hesturinn mars 2015

Hæ hæ, þeir sem ætla að taka þátt í Æskan og hesturinn verða að mæta, skrá sig og ræða saman varðandi atriði föstudagskvöldið 6.2.2015 klukkan 18:30 uppi REIÐHÖLL. Með kveðju æskulýðsnefnd.

Við tókum að sjálfsögu þátt í Æskan og hesturinn og vorum við með 2 stór atriði sem Ragnheiður Þorvaldsdóttir sá um að útfæra með Helenu, Bryndísi og svo kennurum í hestaklúbbnum. Góð stemming var og frábær þátttaka, borðaðar voru pizzur, gos og prinspóló upp í Fák á milli sýninga.



Ragnheiður Þorvaldsdóttir var með yfirumsjón atriða. Helena og Bryndís hjálpuðu einnig til við undirbúning á atriðum. Þökkum öllu því góða fólki sem hjálpaði til við búningagerð, mat og allt sem þurfti að gera á þessum frábæra degi.

Svo voru fullt af foreldrum sem aðstoðuðu okkur á sýningardeginum. Þökkum þeim öllum fyrir aðstoðina hefðum ekki getað þetta án þeirra.

Hestadagar í Reykjavík 2015

Við tókum að sjálfsögu þátt í þessu og hvetjum fleiri á næsta ári til að mæta. Hvað er skemmtilegara en að ríða í miðbænum og láta mynda sig bak og fyrir af útlendingum.....



Bíóferð

Krakkar í æskulýðsnefnd.

Á morgun þriðjudag 31.03 ætlum við að hittast í bíó í Egilshöll Cinderella. Hver og einn borgar fyrir sig. Endilega látið þetta berast og bjóðið vinum með á þessa skemmtilegu ævintýramynd. Því það er svo gaman að vera saman. 10 manns sem mættu ca.

Reiðtúr á Fitjar

Fjórið heldur áfram hjá okkur í æskulýðsstarfinu. Við ætlum að hafa reiðtúr á morgun laugardag 4/4 fyrir þá sem eru heima um páskana. Hittast kl. 13:00 uppi í reiðhöll og svo ríða Ístakshring. Stoppa á Fitjum og þar ætla **Karin Mattsson og fjölskylda að bjóða upp á smá hressingu. Hlökkum til að sjá ykkur nefndin**



Fín mæting ca. 15 manns

Páskafitness mars 2015

Páskafitness Harðar í mars 2015

Jæja, það stýttist í páskafitnessið.....sem verður auðvitað svaka stuð í reiðhöllinni án hesta. Til að nýta tímann sem best verða allir að vera mætir á slaginu 11:00. Við skiptum í lið og svo hefst fjörið með alls konar þrautum. Hlökkum til að sjá ykkur.

Met þátttaka hjá okkur í ár. Keyptum páskaegg fyrir ca. 20.000 kr



Fórum í ýmsa leiki og skemmtum okkur í 2 klukkutíma.

Þá er páskafitnessi lokið og gekk að vel með aðstoð góðra félaga. Takk fyrir aðstoð **Oddrún Ýr Sigurðardóttir fyrir að vera stigastjóri, **Kjartan Ólafsson** fyrir myndatökur, **Ragnhildur Ösp Sigurðardóttir** fyrir aðstoð og svo auðvitað nefndarfólk. Með kveðju **Æskulýðsnefnd****

Skógarhólaferð Æskulýðsnefndar Harðar, helgina 30-31. maí 2015.

**Fyrirhuguð er töfrandi fjölskyldu og skemmtiferð
Æskulýðsnefndar um Þingvelli. Hvetjum við stóra sem
smára til að mæta og ríða um eina af fallegustu
reiðleiðum landsins þar sem notið verður náttúru,
veitinga og félagskapar góðra vina. Þema ferðar er
“Lopapeysur”. Ef svo ber undir verður farið með tvo
hópa til að koma til móts við getu barnanna en
auðvitað eru börnin samt sem áður á ábyrgð foreldra í
ferðinni.**

**Kostnaður vegnar ferðar er eftifarandi: □ Gisting 500
kr. per hest, □ Gisting í skála 4500 kr. á mann □ Gisting í
tjaldi eða tjaldvagni 2000 kr. á mann, eigin
tæki. □ Innifalið í verði er grillveisla um kvöldið, heitt
kakó og kex á kvöldvöku og morgunmatur á
sunnudag.**

Fyrirhuguð dagskrá er svohljóðandi:

Laugardagurinn

**Kl.12:00 Sameinað í kerrur og lagt á stað til
Skógarhóla (Þingvellir).**

**Kl.14:00 Lagt af stað í massa reiðtúr um Þjóðgarðinn,
hver fyrir sig hefur hollt og goott nesti að heiman til
að snæða í túrnum.**

**Kl.19:00 ..eða þar um bil – snilldar sameiginleg
grillveisla.**

**Kl.21-23:00 Kvöldvaka, allir sem einn að koma með
skemmtiatriði, brandara, leiki og fl. í þeim dúr.**

**Kl. 23:59 Undirbúningur fyrir hvíld, ljós slökkt og
ZZZzzzz – ZZZzzzz.**

Sunnudagurinn

Kl.08-10:00 Morgunmatur og annar frágangur.

Kl.11-12:00 Smala saman klárum.

Kl.13:00 Keyrt á Hrafnhóla og riðið heim.

Kl.15:00 Skemmtiferð enduð með kirkjukaffi í Harðarbóli.

Vinsamlega greiðið inná reikning 0318-26-2459 kt.

200569-2459 og muna að senda staðfestingu í heimabanka á fitjar@internet.is og tölvupóst um: Fjöldi hesta, fjölda þátttakenda og hvernig fólk kýs að gista t.d inni eða úti.

Allar nánari upplýsingar veitir Karin í gsm 6915005 og Bryndís gsm 6603854, athugið að skráning og greiðsla í ferðina stendur til og með 15. maí nk.

Með von um góðar undirtektir – Nefndin.

Því miður varð ekki af þessari ferð okkar þar sem það kom upp bruni á Skógarhólum stuttu áður og vegna ónógrar skráningu á viðburð.

Fundur með reiðkennurum

Haldin var fundur til að fara yfir hvernig við ættum að gera á íþróttamótum komandi tímabils.

Súsanna og Ragnhildur sem voru með keppnisnámskeið sáu um að leiðbeina og útskýra reglur.

Lítil mæting ca. 11 krakkar.

Vetrarstarfi lokið

Hæ hæ við ætlum að ljúka vetrinum á því að fara Mánudaginn 8. júní í reiðtúr og grilla eða allavega borða eitthvað saman (fer eftir veðri) uppí Harðarbóli.

Allir hittast uppí reiðhöll kl 18:00 og þaðan förum við Blikastaða hring, göngum frá hestum og komum svo og hittumst uppí Harðarbóli. Ef einhverjir treysta sér ekki eða eru búnir að sleppa hrossum þá er um að gera og mæta bara í grillið kl: 19:00

Hlökkum til að hitta ykkur og hvetjum öll börn, unglinga,ungmennni og reiðkennara okkar til að mæta og ljúka vetrinum með okkur, kveðja Æskulýðsnefndin.



Vorum með grillmat og leiki. Góð mæting og mikið stuð. Fengum góða aðstoð frá Helenu Kristins, Ragnhildi Ösp og Ragnheiði Þorvalds með skemmtilegheit og leiki. Takk fyrir alla hjálpin.

Uppskeruhátíð 2. Okt 2015

Tókst vel og var afhending á bikurum og viðurkenningum og fyrir alla sem höfðu sótt námskeið um veturinn. Það var fín mæting ca. 60 manns og boðuðum við saman Lambalæri sem var eldaður af nefndinni og ís í desert.



Hér sjáum við alla Harðarkrakkanna sem mættu.

Við í Æskulýðsnefnd viljum þakka öllum þeim sem komu á uppskeruhátíðina og sérstaklega viljum við þakka **Rakel Búadóttir fyrir fallega viðurkenningarskjalið sem hún lagði mikla vinnu og metnað í að gera fyrir okkur.**

Einnig viljum við þakka Fríðu fyrir ómetanlega aðstoð í eldhúsinu og **Jóna Dís Bragadóttir fyrir aðstoð við hin ýmsu verk.**

****Sonja Noack** fyrir að aðstoða við afhendingu á knapamerki viðurkenningum. Og svo okkur hinum skvísunum í nefndinni fyrir allt hitt sem þurfti að gera. **Karin Mattsson Magnea Rós Axelsdóttir Kristín****

Kristjánsdóttir Heidi Andersen

Við viljum einnig þakka Mosfellsbakarí, Kjarnafæði, og Natan og Olsen fyrir góðan afslátt og styrki. Án ykkar allra hefðum við ekki getað haft svona flotta uppskeruhátíð.

Með kveðju og von um góðann vetur sem framundan er.

Auglýsingar og upplýsingaflæði

Hugmyndin var að reyna að ná til sem flestra barna í hestunum og þeirra barna sem eiga foreldra í hestum en eru ekki endilega að ríða mikið út sjálf.

Til þess þurftum við að hugsa hvernig okkur myndi takast það og stóðum við okkur bísna vel í því að auglýsa. Námskeið og viðburðir voru auglýstir á heimasíðu Harðar, á Facebook-síðu Harðar Æskulýðsnefndar síðu Harðar og í Mosfellingi

Námskeið

Við lögðum upp með þessu námskeið:

Pollanámskeið 1 – teymdir 4-5 ára

Pollanámskeið 2 – ríða einir 5-7 ára

Almennt reiðnámskeið 8-10 ára

Almennt reiðnámskeið 11-14 ára

Hindrunarstökk námskeið

Sirkus námskeið

Keppnisnámskeið

Indjábanámskeið

Knapamerki 1, 2, 3 og 4

Hestaklúbbur

Pollanámskeiðin voru vel sótt að þessu sinni. Kennd var ½ klst. í senn, 1x í viku. Námskeiðsgjöld voru a.ö.l. svipuð og á síðasta nefndarári. Malin kenndi á þessum námskeiðum.

Almennt reiðnámskeið farið í ásetu og stjórnun, ásamt því að farið var í þrautaleiki, hindrunarstökk og fleira.

Hestaklúbbur var frá hausti 2014 fram á vor 2015 kennarar Line og Malín

Sirkus námskeiðið hefur verið vinsælt síðustu ár, en Harðarfélaginn Ragnheiður Þorvaldsdóttir hefur kennt það. Hefur það opnað nýjar víddir í samspili milli krakkanna og hestanna. Við vorum með framhaldsnámskeið á þessu námskeiði.

Knapamerki 1, 2, 3 og 4 voru kennd í vetur. Oddrún Ýr, Sonja Noack og Þórdís Gylfadóttir reiðkennar sáu um þessi námskeið

Keppnisnámskeið: Súsanna Sand og Ragnheiður Haraldsdóttir kynntu uppbyggingu námskeiðsins og innihald. Með því að halda kynningu á námskeiðsuppbyggingu.

Öll námskeið voru skráð í gegnum Sportfeng.

Lokaorð

Árið 2014-2015 hefur verið vel heppnað í alla staði. Góð og samheldin nefnd hefur lagt metnað sinn í að gera vel það sem stefnt hefur verið að. Og hafa margir lagt margar klukkustundir í sjálfböðavinnu sem seint eða aldrei verður nógu vel hægt að þakka fyrir. Við mælum með að í nefndinni verði ekki færri en 8 manns starfandi hverju sinni. Til að dreifa álagi og viðburðum á milli manna.

Það stefnir í flott og gott ár hjá Æskulýðsnefnd 2015-2016 þar sem tekist hefur að manna nefndina með nokkrum nýjum nefndarmönnum. Heidi Andersen ritari hættir, en hún hefur verið í 2 ár í nefndinni og þökkum við henni fyrir velunnin störf. Magnea Rós Axelsdóttir hættir einnig að þessu sinni eftir 1 ár í nefndinni og þökkum við henni einnig fyrir vel unnin störf.

Nýtt fólk sem mun starfa í vetur er Rakel Búadóttir, Arnar Aspar, Guðrún Gunný , Sædís Jónasdóttir og Jarðprúður.

Óskum við þau velkomin í nefndina sem og okkur hinum sem starfa áfram.